

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 23. mars 2026
Mál nr. 2603061 U.V.H.

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu vegna flýtingar uppbyggingar raforkuinnviða og einföldun regluverks.

Á fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 23. mars 2026 var fjallað um áform um lagasetningu vegna flýtingar á uppbyggingu raforkuinnviða og einföldun regluverks. Mál nr. S-56/2026 í Samráðsgátt stjórnvalda.

Svohljóðandi var bókað:

*Uppbygging raforkuinnviða er eitt brýnasta hagsmunamál landsbyggðarinnar og landsins alls til að auka og tryggja verðmætasköpum í landinu. Byggðarráð Húnaþings vestra tekur undir markmið áformaskjalsins um mikilvægi þess að einfalda stjórnsýslu og regluverk í tengslum við þá uppbyggingu. **Ráðið leggur hins vegar ríka áherslu á að í öllum tilfellum verði að virða friðhelgi eignarréttar sem tryggður er í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.** Ótækt er að landeigendur einir verði látnir gjalda fyrir þá uppbyggingu sem metin er nauðsynleg með óviðunandi bótum fyrir land sem undir þá innviði er tekið. Jafnframt er mikilvægt að samtal við landeigendur í aðdraganda uppbyggingarverkefna sé virkt og að tillit sé tekið til athugasemda þeirra og óska. Að síðustu vill ráðið leggja áherslu á að skipulagsvald er á höndum sveitarfélaga og það verður að virða í hvívetna.*

Byggðarráð gerir athugasemd við að ekki var send sérstök tilkynning um málið til sveitafélaga og samtaka landeigenda þar sem framangreind hljóta að vera einn stærsti hagsmunaaðilinn í tengslum við áformin.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.